



Tillaga um skipan í úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs

Árþing SSNE skipar, samkvæmt tillögu stjórnar, þrjá fulltrúa í úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs, þar af einn sem formann, og tvo varamenn, sbr. 15. gr. samþykkt SSNE. Í úthlutunarnefnd sitja jafnframt formenn fagráða.

Hlutverk úthlutunarnefndar er yfirferð umsókna um styrki til uppbyggingarsjóðs og velja þau verkefni, á grundvelli faglegs mats, sem styrkt verða í samræmi við sóknaráætlun Norðurlands eystra, sbr. 2. mgr. 15. gr. samþykkt SSNE.

Á síðasta árþingi SSNE sem haldið var 8.-9. apríl s.l. var eftirfarandi tillaga um skipan í úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra samþykkt:

Tillaga um skipan í úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra

Úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs verði þannig skipuð:

Katrín Sigurjónsdóttir, formaður

Thomas Helmig, Öxarfirði, formaður fagráðs

Hulda Sif Hermannsdóttir, formaður fagráðs menningar

Ottó Elíasson, formaður fagráðs umhverfismála

Guðni Bragason

Preben Jón Pétursson

Varamenn:

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, fagráði atvinnuþróunar og nýsköpunar

Sigríður Örvarsdóttir, fagráði menningar

Áki Guðmundsson, fagráði umhverfismála

Nú hafa Katrín Sigurjónsdóttir formaður úthlutunarnefndar og Guðni Bragason beðist undan störfum í úthlutunarnefnd vegna breyttra aðstæðna hjá þeim. Því þarf að skipa nýja fulltrúa í úthlutunarnefnd í þeirra stað. Einnig þarf að skipa nýjan varamann í stað Áka sem yrði þá aðalfulltrúi í úthlutunarnefndinni.

Tillaga um skipan í úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra í stað Katrínar og Guðna.

Hilda Jana Gísladóttir, Akureyri, formaður

Áki Guðmundsson, Bakkafirði

Varamenn:

Sigríður Ingvarsdóttir, Fjallabyggð